

Til viðskiptanefndar Alþingis.

Frá slitastjórn Glitnis banka hf.,

Umsögn slitastjórnar Glitnis banka hf. um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (eftirlit með slitum, EES-reglur), 783. mál.

Í tengslum við framlagningu ofangreinds frumvarps vill slitastjórn Glitnis banka hf., koma með tillögur að breytingum og athugasemdum við frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra.

Í umsögn þessari eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Athugasemdir koma fram undir númeri viðkomandi lagagreinar eins og frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Tillögur um breytingu á lagatexta og skýringar eru undirstrikaðar og litaðar rauðu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Við slit fjármálafyrirtækis gilda reglur 74. gr. laga um gjaldþrotaskipti, meðal annars um að sá sem hvorki vissi né mátti vita um slitin getur unnið rétt á hendur fjármálafyrirtækinu vegna ráðstafana fram til þess að tilkynning er birt um slitin. Skal þá litið svo á að þeim sem í hlut á hafi ekki verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, ef slík tilkynning hefur ekki farið fram, nema sýnt sé fram á annað. Skal jafnframt litið svo á að þeim sem í hlut á hafi verið kunnugt um að slit hafi verið hafin, hafi slík tilkynning farið fram, nema sýnt sé fram á annað.

b. Í stað lokamálsliðar 6. mgr. koma fjórir nýir málslíðir, svohljóðandi: Þegar endanleg niðurstaða hefur fengist um ágreininginn skal hlutdeild þeirrar kröfu í innstæðu geymslureikningsins ásamt hlutdeild í áföllnum vöxtum greidd kröfuhafanum að því leyti sem krafan hefur verið viðurkennd, en fé sem eftir kann að standa skal renna aftur til fjármálafyrirtækisins. Fari hlutagreiðslur fram í fleiri en einum gjaldmiðli má stofna sérstakan geymslureikning fyrir hvern gjaldmiðil. Eigi úthlutun sér stað í erlendum gjaldmiðli skal miða úthlutun við sölugengi Seðlabanka Íslands gagnvart íslenskri krónu á úthlutunardegi. Við hverja hlutagreiðslu sem fram fer með innborgun inn á sérstaka geymslureikninga skal senda kröfuhafa sem greiðslu fær tilkynningu, en með innborgun inn á slíkan reikning telst hlutagreiðsla til viðkomandi kröfuhafa hafa farið fram. Með sérstökum geymslureikningi í skilningi ákvæðisins er átt við fjárvörsluinnlánsreikning á nafni fjármálafyrirtækisins sem stofnaður er því skyni að leggja hlutagreiðslur inn á. Heimilt er að stofna slíka fjárvörsluinnlánsreikninga hjá erlendum lánastofnunum á evrópska efnahagssvæðinu, enda uppfylli þær fjármálastofnanir skilyrði fyrir slíkum reikningum.

c. Heimilt er að fresta hlutagreiðslu til kröfuhafa í þeim tilvikum þar sem úthlutun er óveruleg í samanburði við kostnað við útgreiðslu. Slitastjórn skal tilkynna kröfuhafa um ákvörðun sína um lágmarksgreiðslu með sannanlegum hætti. Skal það fé sem annars hefði komið í hlut kröfuhafans geymt á geymslureikningi í samræmi við b-lið ákvæðis þessa.

Athugasemdir við breytingar

Slitastjórn og skilanevnd Glitnis banka hf. hefur í samskiptum sínum við kröfuhafa orðið þess áskynja að vafi kunni að leika á því við hvaða gengi íslenskrar krónu skuli miða við á úthlutunardegi. Með lögum 44/2009 var ákveðið að allar kröfur skyldu umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009. Allar kröfur í slitum Glitnis eru þar af leiðandi í íslenskum krónum og til þess að allur vafi sé tekin af varðandi hvernig lækka skuli kröfur í slitum Glitnis við úthlutun (hlutagreiðslur) er nauðsynlegt að tekin sé af allur vafi þess efnis að miða beri við gengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á úthlutunardegi og lækka kröfur viðkomandi kröfuhafa að teknu tilliti til þess. Til að taka af allan vafa er jafnframt rétt að taka fram í athugasemdum með ákvæðinu að hlutagreiðslur til kröfuhafa séu heimilar undir slitameðferðinni.

Í tilfalli Glitnis eru tæplega 1700 kröfur undir 20 milljónum íslenskra króna. Þegar tekin verður ákvörðun um hlutagreiðslur þarf slitastjórn að meta hvort að það svari kostnaði að senda viðkomandi kröfuhafa greiðslu, eða hvort rétt sé að safna þeirri fjárhæð inn á geymslureikning þar til frekari hlutagreiðslur eru inntar af hendi eða slitum er lokið með nauðasamningi. Þannig telur slitastjórn að gætt sé hagsmuna smæstu kröfuhafa við hlutagreiðslur enda njóta þeir vaxta meðan greiðslunni er haldið eftir.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. a laganna:

a. 3. másl. 3. mgr. orðast svo: Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitarnir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. sömu laga, þó með því fráviki að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. sömu laga skal vera átta vikur, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur kröfuhafafundi við þessar umleitarnir.

b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, þó að lágmarki 60 hundraðshluta þeirra atkvæða. Hafi fjármálafyrirtæki greitt kröfuhöfum hlutagreiðslu áður en nauðasamningur er lagður fyrir, skal tekið tillit til þeirrar greiðslu við mat á eftirgjöf samningskrafna skv. ákvæði þessu. Jafnframt er áskilið samþykki 70 hundraðshluta atkvæða þeirra atkvæðismanna sem greiða atkvæði um nauðasamninginn.

Athugasemdir við breytingar

Slitastjórn og skilanefnd Glitnis hafa kynnt kröfuhöfum sínar um fyrirhugaðar hlutagreiðslur í lok ársins 2011. Jafnframt hefur kröfuhöfum verið kynnt sú fyrirætlan að óska eftir nauðasamningnum þegar ágreiningur um kröfur hefur að miklum meirihluta verið leystur, annað hvort hjá dómstólum eða með samningnum við einstaka kröfuhafa að teknu tilliti til fordæma íslenskra dómstóla. Þá er gert ráð fyrir því að meirihluti eigna Glitnis verði orðinn að lausafé á árinu 2015 og að slíkt muni einfalda nauðasamninga til mikilla muna.

Að mati slitastjórnar og skilanefndar er mikilvægt að vel sé að verki staðið á uppgjöri við kröfuhafa. Í því skyni hefur það verið kynnt kröfuhöfum að úthlutun upp í kröfur hefjist á árinu 2011. Að mati slitastjórnar Glitnis er ekki tímabært að leita nauðasamninga vegna þeirra fjölmörgu krafna sem enn er ágreiningur um. Slitastjórn hefur hinsvegar hafist handa við að undirbúa væntanlegar nauðasamningaumleitarnir samhliða hlutagreiðslum til almennra kröfuhafa og uppgjöri við forgangskröfuhafa. Til þess að það komi ekki til með að torvelda nauðasamning leggur slitastjórn áherslu á að tekið verði tillit til allra slíkra úthlutana þegar að nauðasamningi kemur. Hlutagreiðslur eru að mati slitastjórnar Glitnis til þess fallnar að úthluta því lausafé sem þegar hefur safnast upp hjá Glitni með skemmri hætti til kröfuhafa.

Með því að úthluta til kröfuhafa því fé sem safnast hefur með sölu eigna og þá fyrirætlan að stefna á nauðasamning er slitastjórn þess fullviss að hagsmunum kröfuhafa sé best borgið og auðveldi gerð nauðasamnings.

Reykjavík, 18.maí 2011

Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir, hrl.
Páll Eiríksson, hdl.